

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 6. desember 2022
UST202202-324/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings þann 24. ágúst 2022

Þann 24. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings á Kópaskeri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Skráningum fyrir árið 2021 hefur ekki verið skilað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 3. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur

Kristín Kröyer
Sérfræðingur